

Fimmtudaginn 21. janúar 1993.

Nr. 161/1992. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Arnari Má Þórissyni og

Borgari Þór Þórissyni

(Jón Oddsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1992 að ósk ákærðu og einnig af hálfu ákærvalds, að því er þá varðar. Ákærði X, sem sakfelldur var í héraðsdómi, hefur ekki óskað áfrýjunar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða Arnars Mús verði staðfest og ákærði Borgar Þór sakfelldur, eftir því sem ákæra greinir, en refsing beggja ákærðu þyngd.

Ákærðu krefjast þess hvor um sig, að refsing verði milduð og jafnframt skilorðsbundin.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Gera ber ákærðu að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Arnar Már Þórissón og Borgar Þór Þórissón, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar að hálfu hvor, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. mars 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 19. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 133-135/1992: Ákærvaldið gegn Arnari Má Þórisssyni, Borgari Þór Þórisssyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 7. janúar sl., á hendur ákærðu, Arnari Má Þórisssyni, Skeljagrandi 6, fæddum 23. október 1973, fæðingarnúmer 337, Borgari Þór Þórisssyni, Skeljagrandi 6, fæddum 23. október 1973, fæðingarnúmer 345, og X [...], fyrir eftirgreinda stuldi, framda í félagi við Unnar Sigurð Hansen, kt. 170966-4659, aðfaranótt mánudagsins 26. ágúst:

1. Fyrir að hafa brotist inn í bifreiðaverkstæðið Bílaver, Draupnigötu 7 L, Akureyri, rofið þar peningaskáp og stolið um 150.000 krónum í tékkum og reiðufé.

2. Reynt í þjófnaðarskyni að brjótast inn í húsnæði Bifreiðaskoðunar Íslands við Frostagötu á Akureyri.

3. Brotist í þjófnaðarskyni inn í húsnæði fyrirtækisins Hnakkvirkis, Draupnigötu 7 R, Akureyri, en horfið af vettvangi eftir árangurslausa leit að fjármunum.

4. Brotist inn í bifreiðaverkstæðið Baugsbrot, Frostagötu 1 B, Akureyri, og stolið slaghamri, skrufjárnir og felgufjárnir.

6. Brotist inn í bensínafgreiðslu Oliufélagsins á Blönduósi og stolið 2.000 krónum úr bensínjálfsala og um 41.000 króna úr afgreiðslukössum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og háttsemin samkvæmt liðum 2 og 3 jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Aðfaranótt mánudagsins 26. ágúst sl. voru ákærðu í máli þessu, Arnar Már Þórisson, Borgar Þór Þórisson og X, ásamt Y staddir á Akureyri. Höfðu ákærðu til umráða bifreið, sem ákærði X ók á þá staði, sem greinir í 1.-4. lið ákæru, þar sem ákærði Arnar Már braust inn í félagi við Y á þeim stöðum, sem um ræðir í 1. og 4. lið ákæru, og höfðu ákærðu og Y á brott með sér í bifreiðinni það þýfi, sem þar um ræðir. Ákærði Arnar Már og Y reyndu í þjófnaðarskyni að brjótast inn í húsnæði Bifreiðaskoðunar Íslands við Frostagötu, og enn fremur brutust þeir í þjófnaðarskyni inn í húsnæði fyrirtækisins Hnakkvirkis við Draupnigötu 7 R, en hurfu af vettvangi eftir árangurslausa leit að fjármunum.

Eftir ofangreind innbrot héldu ákærðu sömu nótt áleiðis til Reykjavíkur. Í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu brutust ákærðu Arnar Már og X ásamt

Y inn í húsnæði Kaupfélags Skagfirðinga og stálu þar þeim munum, sem greinir í 5. lið ákæru. Þaðan var haldið í Húnaver, og hjálpuðust allir ákærðu og Y við að sprengja upp peningaskáp úr ætluðu innbroti og þeir höfðu haft á brott með sér frá Varmahlíð. Í framhaldi af því var haldið á Blönduós. Þar brutust ákærði Arnar Már og Y inn í bensínafgreiðslu Oliufélagsins og stálu kr. 2.000 úr bensinsjálfsala og um kr. 41.000 úr afgreiðslukössum, en ákærðu X og Borgar Þór biðu úti í bifreiðinni á meðan.

Ákærðu Arnar Már og X hafa báðir skýlaust játað að hafa gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæru. Kveður ákærði X, að ákærðu og Y hafi allir tekið sameiginlega ákvörðun um að brjótast inn á þeim stöðum, sem í ákæru greinir. Hann hefur einnig skýrt svo frá, að ákærði Borgar Þór hafi fullkomlega vitað, hvað til stóð í innbrotum þeim og innbrotstilraunum, sem um ræðir í 1.- 4. og 6. lið ákæru, og að allir ákærðu hafi staðið sameiginlega að innbrotinu í 5. lið. Í því tilviki hafi ákærði Y og ákærði Arnar Már fyrst brotist þarna inn, en ákærði Borgar Þór komið inn eftir það og borið peningaskápinn út í bifreiðina með hinum. Þeir hafi jafnframt allir stolið um 20.000 kr. úr afgreiðslukössum á staðnum. Kveður ákærði, að megnið af peningunum úr innbrotunum hafi farið í að fjármagna utanlandsferð Y og ákærða Arnars Más í framhaldi af innbrotunum, en ákærði hafi sjálfur fengið í sinn hlut um 10.000 kr. og ákærði Borgar Þór sennilega svipaða fjárhæð.

Ákærði Arnar Már segir ákærða Borgar Þór hafa hjálpað til við að bera peningaskápinn út í bifreiðina og einnig aðstoðað við að brjóta hann upp við Húnaver.

Ákærði Borgar Þór kveðst muna slitrótt eftir ferðinni norður í land og til baka umrædda nótt og neitar að hafa komið nálægt þeim innbrotum, sem í ákæru greinir, heldur hafi hann setið úti í bifreið, á meðan Y og ákærði Arnar Már brutust inn. Ákærði hafi vitað, hvað til stóð, en ekki viljað taka neinn þátt í innbrotunum. Ákærði hefur játað að hafa opnað farangursgeymsluna á bifreið þeirri, er ákærðu höfðu til umráða, fyrir utan Kaupfélag Skagfirðinga í Varmahlíð umrædda nótt í þeim tilgangi að koma þar fyrir peningaskáp þeim, er stolið var úr húsnæði kaupfélagsins. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið þátt í að brjóta upp peningaskápinn við Húnaver í framhaldi af innbroti þessu. Ákærði kveðst hafa fengið hluta af þýfinu úr innbrotunum í sínar hendur og sinn hlutur numið um 5.000 - 10.000 kr.

Niðurstöður.

Með skýlausum játningum ákærðu Arnars Más og X, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa gerst

sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæru. Varðar atferli þeirra í 1. og 4.-6. lið við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en í 2. og 3. lið við sömu lagagrein, sbr. 20. gr. sömu laga.

Gegn eindreginni neitun ákærða Borgars Þórs er varhugavert að telja sannað, að hann hafi gerst sekur um brot gegn 244. gr. samkvæmt 1., 4. og 6. lið ákæru eða tilraun til þjófnaðar, eins og greinir í 2. og 3. lið hennar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa vitað, hvað til stóð, þegar brotist var inn á þeim stöðum, sem um ræðir í ákæru, og jafnframt játað að hafa fengið um 5.000 - 10.000 kr. í sinn hlut af þýfinu úr innbrotunum. Verður samkvæmt því að telja sannað, að ákærði hafi með framangreindum hætti tekið þátt í ávinningnum af innbrotunum og stuðlað að því að halda við ólöglegum afleiðingum þeirra. Þykir ákærði með framangreindum hætti hafa brotið gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, hvað innbrotin í 1., 4. og 6. lið ákæru varðar. Með framburði ákærða svo og framburði með-ákærðu X og Arnars Más verður á hinn bóginn að telja sannað, að ákærði hafi tekið fullan þátt í þjófnaðinum á peningaskáp þeim, sem um ræðir í 5. lið ákæru, og þannig orðið brotlegur við 244. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

Hinn 2. maí 1989 var ákæru á hendur ákærða Arnari Má vegna þjófnaðar og skjalafals frestað skilorðsbundið tvö ár, og 15. febrúar 1990 var hann dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið þrjú ár, fyrir þjófnað og þjófnaðartilraunir. Þá hefur hann tvívegis sæst á sektargreiðslu í dómi vegna umferðarlagabrota.

Ákærði Borgar Þór hefur sætt eftirtöldum refsidómum:

[Í sakavottorði eru tilgreindir fimm refsidómar fyrir auðgunarbrot, skjalafals o. fl. hegningarlagabrot, upp kveðnir á árunum 1989 - 1991.]

Þá félst hann 9. febrúar 1990 á sektargreiðslu í dómi vegna nytjastuldar.

Refsing.

Með háttsemi þeirri, sem ákærði Arnar Már hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu, hefur hann rofið skilorð dómsins frá 15. febrúar 1990. Ber nú að taka þann dóm upp og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir bæði málin eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði. Samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, var ákærði annar þeirra tveggja, sem hafði sig hvað mest í frammi við innbrot þau, sem að framan greinir. Með vísan til þess og að um skilorðsrof er að ræða og með hliðsjón af framansögðu þykir þrátt fyrir ungan aldur ákærða eigi fært að skilorðsbinda refsinguna. Til frádráttar refsingunni komi gæslu-

varðhaldsvist ákærða frá 29. ágúst til 2. september 1991, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgar Þór hefur með atferli því, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu, rofið skilorð dómsins frá 12. apríl 1991. Ber á sama hátt og að ofan greinir að taka þann dóm upp og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir bæði málin, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, og tiltaka refsingu eftir reglum 77. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi tólf mánuði. Ákærði hefur margsinnis verið dæmdur skilorðbundið, en eigi látið skipast við það. Með skirskotun til þess og að um skilorðsrof er að ræða þykir skilorðsbinding eigi koma til álita þrátt fyrir ungan aldur ákærða.

— — —

Skaðabótakröfur.

Í málinu liggja frammi bótakröfur frá Kaupfélagi Skagfirðinga, Varmahlíð, og Esso-skálanum á Blönduósi. Með vísan til 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85, 1936, um meðferð einkamála í héraði um samaðild ber að vísa bótakröfum þessum frá sakadómi ex officio, þar sem fram er komið, að þáttur Y var klofinn frá máli þessu og honum þar af leiðandi ekki veittur kostur á því að svara hér til sakar, hvað kröfurnar snertir.

Sakarkostnaður.

Rétt þykir að dæma ákærðu óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði Arnar Már Þórisson sæti fangelsi fjóra mánuði, ákærði Borgar Þór Þórisson sæti fangelsi tólf mánuði, og ákærði X sæti fangelsi þrjá mánuði. Til frádráttar refsingu ákærða Arnars Márs komi gæsluvarðhald hans frá 29. ágúst til 2. september 1991. Fresta skal fullnustu refsingar ákærða X og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Skaðabótakröfum Esso-skálans, Blönduósi, og Kaupfélags Skagfirðinga, Varmahlíð, Skagafjarðarsýslu, er vísað frá sakadómi.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.
